

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 228/1987. **Hákon H. Kristjánsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Glóbus hf.

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Sverri Kristjánssyni

Malbikunarstöð Reykjavíkur

Kjörbúðinni Hólagarði hf.

Búnaðarbanka Íslands

innheimtumanni ríkissjóðs í Mosfellsbæ og

Axel Ström Óskarssyni

Þinglýsing. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður og Sigurður Línal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1987 og sakaukastefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi dagsettu 17. september 1987. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081, framlagt í uppboðsrétti 3. mars 1987, verði breytt þannig að af uppboðsandvirði, sem koma á til úthlutunar, 409.250,00 krónur, verði 47.590,00 krónum úthlutað upp í kröfur áfrýjanda samkvæmt fjárnámi gerðu 27. júní 1985 og þinglýstu þann 18. júlí 1985, framar rétti Glóbus hf. og annarra veðhafa, en að greiddum kröfum innheimtumanns ríkissjóðs í Mosfellsbæ, 87.411,00 krónur og Sverris Kristjánssonar, 269.611,22 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi Glóbus hf. í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda Glóbus hf. eru þær að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Sakaukastefndu Sverrir Kristjánsson, Malbikunarstöð Reykjavíkur, Kjörbúðin Hólagarður hf., Búnaðarbanki Íslands, inn-

heimtumaður ríkissjóðs í Mosfellsbæ og Axel Ström Óskarsson hafa engar kröfur gert fyrir dóminum.

Samkvæmt 4. mgr. 43. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, sbr. 1. mgr. 48. gr. sömu laga, hafði Glóbus hf. fjórar vikur til þinglýsingar veðskjala þeirra, sem um getur í málinu, frá útgáfudegi þeirra 21. september 1984 að telja. Verkfall Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hófst 4. október 1984 og hafði veðskjölum þá ekki verið þinglýst. Verkfallið stóð til 30. október sama ár. Óumdeilt er að skjölin voru síðan móttækin til þinglýsingar 8. nóvember 1984, þ.e. á sjöunda vinnudegi eftir lok verkfallsins. Samkvæmt vottorði embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns Kjósarsýslu var ekki tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Af hálfu stefnda Glóbus hf. var skjölunum þinglýst innan hæfilegs tíma frá lokum verkfallsins. Þegar af þeirri ástæðu þykir mega staðfesta úrskurð héraðsdóms að niðurstöðu til.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda Glóbus hf. 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þrátt fyrir ofangreint vottorð sýna gögn málsins að hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumanns Kjósarsýslu var tekið á móti skjölum til þinglýsingar í verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hefur þetta misræmi ekki verið skýrt.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hákon H. Kristjánsson, skal greiða stefnda, Glóbus hf., 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 24. júní 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 3. júní sl. eftir munnlegan málflutning, hefur sóknaraðili í máli þessu Björn Ólafur Hallgrímsson hdl. f.h. Hákonar H. Kristjánssonar, nnr. 3530-0872, Goðheimum 10, Reykjavík, krafðist þess að breyting verði gerð á frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðs- andvirði bifreiðarinnar G-8081, sem seld var á uppboði 14. febrúar 1987 (sic).

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru þær að Hákoni H. Kristjónssyni verði úthlutað kr. 47.590,00 af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081. Þá krefst sóknaraðili kr. 62.329,68 í málskostnað.

Af hálfu varnaraðila Péturs Guðmundarsonar hrl. f.h. Glóbusar hf. eru gerðar þær dómkröfur að staðfest verði óbreytt frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Tekið skal fram að sú breyting hefur orðið á frumvarpinu að lögveðskrafa innheimtu ríkissjóðs vegna bifreiðaskatts hefur lækkað um kr. 60.235,00 og er krafan nú kr. 80.411,00. Hækkar því uppboðsandvirði til næsta úthlutunarhafa skv. frumvarpinu um fjárhæð þessa. Þess skal getið að breyting þessi hefur einungis áhrif á kröfur þeirra aðila, sem mótmælt hafa frumvarpinu en þeir hafa hins vegar lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við breytingu þessa.

II.

Hinn 14. febrúar 1987 var bifreiðin G-8081, Citroën CX árgerð 1984, að kröfu nokkurra lögmannna seld á opinberu uppboði í Hafnarfirði. Var bifreiðin slegin hæstbjóðanda Glóbusi hf. á kr. 480.000,00.

Hinn 3. mars 1987 var uppboðsbeiðendum, veðhöfum og gerðarþola sent frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við frumvarpið í síðasta lagi 13. mars 1987.

Samkvæmt frumvarpinu komu til úthlutunar kr. 409.250,00 eftir að uppboðskostnaður var fráðreginn og var gert ráð fyrir að uppboðsandvirðið skiptist þannig:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Til innheimtu ríkissjóðs
v/bifreiðaskatts skv. lögveði | kr. 147.646,00 |
| 2. Til Glóbusar hf. skv.
veðbréfum á 1. og 2. veðrétti | kr. 261.604,00 |

Hinn 11. mars sl. bárust uppboðsréttinum mótmæli frá sóknaraðila og með bréfi dags. 30. mars eru mótmælin ítrekuð og kröfulýsing gerð í uppboðsandvirðið. Aðilar málsins voru síðan boðaðir til að mæta í uppboðsrétt hinn 30.3. 1987 og þar lagði lögmaður sóknaraðila fram greinargerð sína.

III.

Málavextir eru þeir að í september 1984 seldi Glóbus hf. umrædda bifreið og var kaupverðið greitt að hluta til með víxlum og skuldabréfi og var hvort tveggja tryggt með veði í bifreiðinni. Tryggingarbréfið með víxlunum og

skuldabréfið voru útgefin 21. september 1984 og áritað um móttöku til þinglýsingar hinn 8. nóvember 1984.

Hinn 4. október 1984 skall á verkfall BSRB sem stóð til 30. október s.á. Hinn 27. júní 1985 er gert fjárnám í fyrrnefndri bifreið og var fjárnámsgerðinni síðan þinglýst 19. júlí s.á.

Mál þetta snýst um þá kröfu sóknaraðila að veðsetning bifreiðarinnar G-8081 til Glóbusar hf. verði metin ógild og að viðurkenndur verði forgangsréttur aðfararveðs í bifreiðinni.

IV.

Í bréfi sóknaraðila til uppboðsréttar, dags. 20. mars 1987, og vitnað er í í greinargerð segir m.a.:

„Skv. þinglýsingarlögum nr. 39 frá 1978, einkum 3. og 4. mgr. 43. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr., ber að afhenda skjöl sem þessi til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta, frá útgáfudegi talið, til að þau haldi gildi gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda veðsins og gagnvart skuldheimtumönnum. Skv. skýru ákvæði 3. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr., hefur veðbréf ekki gildi gagnvart nefndum aðilum, ef þinglýsing fer ekki fram innan nefnds frests skv. 1. mgr. greinarinnar. Skv. greinargerð með frumvarpi að lögnum hefur það verið ætlun löggjafans að viðhalda og taka upp í þinglýsingarlög eldri ákvæði veðlaga (18/1887) svipaðs efnis.

Veðbréf Globusar h.f. uppfylla hvorugt tilfærð skilyrði þinglýsingarlaga og halda því eigi gildi gagnvart skuldheimtumönnum. Ber því umbj. mínum úthlutun frammar Globusi h.f. þrátt fyrir þinglýsingarröð.“ Þá segir sóknaraðili í greinargerð „að verði ekki fallist á að 2. og 3. mgr. 48. gr. eigi beint við um skráðar bifreiðar, beri að beita lögjöfnum“.

Að lokum segir sóknaraðili að í verkfalli BSRB hafi veðskjöl verið móttekin til þinglýsingar og vitnar í þinglýsingarbækur því til stuðnings.

Í greinargerð varnaraðila segir m.a.:

„Í 48. gr. eru ákvæði um að skjöl sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé skulu afhent til þinglýsingar innan fjögurra vikna frá útgáfudegi. Ákvæði þetta á skv. orðanna hljóðan einungis við lausafé sem ekki er skráningar-skýlt eða skráð. Jafnframt vitna sóknaraðilar til 43. gr. þinglýsingarlaga þar sem fjallað er meðal annars um skrásettar bifreiðar, en í 5. mgr. þeirrar greinar segir að veðbréf skuli afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. 43. gr. vitnar hins vegar ekki til 2. mgr. 48. gr. þar sem segir hvernig með skuli fara ef veðbréfum er ekki þinglýst innan þess frests sem sú grein getur. Tel ég því að ákvæði 2. mgr. 48. gr. eigi ekki við um veðskuldabréf sem tryggð eru með veði í skrásettum bifreiðum og beri því þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum sóknaraðila.“

Þá segir í greinargerð varnaraðila að „útilokað hafi verið fyrir umbj.

minn að fá umræddum veðbréfum þinglýst hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði frá 4. október 1984 til 30. október 1984, en svo sem áður hefur fram komið eru bæði veðbréfin dags. 21. september 1984. Verði að líta svo á, að frestur sá sem gefinn er til þinglýsingar lengist um þann tíma sem útilokað var að afhenda bréfin til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði. Það, að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar áður en verkfall BSRB skall á getur ekki talist umbj. mínum til réttar-spjalla. Þinglýsingarlögin kveða á um fjögurra vikna frest til afhendingar þeirra til þinglýsingar. Það sama gildir um það, að bréfin voru ekki afhent til þinglýsingar sama daginn og fógetaskrifstofan opnaði, en þau voru afhent fimmtudaginn 8. nóvember 1984, eða sex vinnudögum eftir að fógetaskrifstofan opnaði að nýju. Bréfin höfðu því legið hjá umbj. mínum samtals sex vinnudaga fyrir verkfall og sex daga eftir verkfall, eða samtals tólf vinnudaga, þar til þau voru afhent til þinglýsingar, eða innan við helming þess frests sem þinglýsingarlögin veita mönnum til að afhenda slík skjöl til þinglýsingar.“

Álit réttarins.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að veðbréf Glóbusar hf. uppfylli ekki ákvæði 48. gr. um fresti, þar sem þau hafi verið útgefin 21. september 1984 en ekki móttækin til þinglýsingar fyrr en 8. nóvember 1984 og þinglýst sama dag. Því skuli fjárnámsgjörð frá 27. júní 1985 og móttækin var til þinglýsingar 19. júlí 1985 hafa forgangsrétt til uppboðsandvirðisins.

Eignaheimild fyrir lausafé þarf yfirleitt ekki að þinglýsa. Eigendaskipti eru tíð og því hefur löggjafinn sett strangari reglur um veðsetningu á lausafé og lagt áherslu á mikilvægi þess að veðskjöllum sé þinglýst sem fyrst eftir útgáfu þeirra.

Í 1. mgr. 48. gr. þinglýsingarlaganna segir m.a. um veðbréf, sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé sem ekki er skráningarskylt eða skráð, að það skuli afhendast til þinglýsingar innan fjögurra vikna hið lengsta og í 43. gr., þar sem fjallað er um þinglýsingar um skrásettar bifreiðar, segir í 4. mgr. að „veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. ...“

Hér kemur fram að sömu frestir gilda um skrásett og óskrásett lausafé hvað varðar afhendingu veðskjala til þinglýsingar.

Í máli þessu er um það deilt hvaða réttaráhrif það hafi ef menn láta undir höfuð leggjast að afhenda veðskjöl innan þessara fresta. Hvað varðar veðbréf sem veita sjálfsvörsluveð í lausafé, þá er það ljóst skv. 1.-3. mgr. 48. gr. að afhenda ber veðskjöl innan fjögurra vikna hið lengsta til þinglýsingar, eigi þau að hafa gildi gagnvart grandlausum viðsejendum og gagnvart skuldheimtumönnum.

Í 7. gr. veðlaganna nr. 18 frá 1887 var það skilyrði fyrir gildi sjálfsvörsluveðs í lausafé að veðinu hafi verið þinglýst. Þetta ákvæði veðlaganna var felld úr gildi við gildistöku þinglýsingarlaganna frá 1979. Ákvæðið er að hluta til tekið inn í VII. kafla þinglýsingarlaganna sem fjallar um þinglýsingu á lausafé, sem ekki er skrásett eða skráningarskyld. Þar segir í 2. mgr. 48. gr. að þinglýsa verði veðbréfum til þess að þau haldi gildi m.a. gagnvart skuldheimtumönnum eiganda veðsins en í 3. mgr. sömu greinar segir hins vegar að fari þinglýsing ekki fram innan þess frests „er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein“.

Af þessu verður ráðið að löggjafinn hafi þrengt ákvæði gömlu veðlaganna og bundið réttindamissinn einungis við óskráð og óskrásett lausafé ef veðskjöl eru ekki afhent til þinglýsingar innan þeirra fresta sem 1. mgr. 48. gr. getur um. Engu að síður er gert ráð fyrir að veðskjölum með veði í skrásettu lausafé sé þinglýst innan fjögurra vikna hið lengsta. Á tímabilinu frá 4. október 1984 til 30. október 1984, þegar verkfall BSRB stóð yfir, var ekki almenn móttaka á skjölum til þinglýsingar hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og verður því að telja þennan tíma utan þess frests, sem ákvæði 48. gr. geta um.

Að þessu athuguðu verða kröfur sóknaraðila ekki teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu. Guðmundur Sophusson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómkröfur sóknaraðila, Hákonar H. Kristjánssonar, um að honum verði úthlutað af uppboðsandvirði bifreiðarinnar G-8081 framar rétti Glóbusar hf., eru eigi teknar til greina.

Málkostnaður fellur niður.